

2.5.2010

Allsherjarnefnd Alþingis

Umsögn um 485. mál, hjúskaparlög.

a)

II. KAFLI

Breyting á lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952.

6. gr.

2. másl. 8. gr. laganna orðast svo: Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. skal t.d. einstaklingur í hjúskap, sem dvelur a.m.k. tvo mánuði í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, án þess að um sé að ræða undantekningu frá tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 3. gr., tilkynna aðsetur sitt, hvort sem um er að ræða slit á samvistum við maka hans eða ekki.

Er þetta ekki barn síns tíma. Óttast að þarna sé verið að kalla á skrifræði. Endalaust er hægt að finna afsakanir frá þessari tilkynningarskyldu með réttu eða röngu. Landið er eitt atvinnusvæði, aðilar fara án fyrirvara þangað sem vinna býðst, (sjómenn, vinnumenn, þingmenn!!, verkafólk, leikarar, læknar, prestar) sambúðarfólki sinnast tímabundið eða lengur. Þá sækja börn nám í aðra landshluta en heimahaga. Tilgangur að baki þessari lagagrein frá 1952 er óljós í nútíma þjóðfélagi og ef tilgangur er útsvars-skattaframtalslegur, forræðislegur eða hjúskaparlegur væri betra að fella niður þessa grein en í staðinn kæmi grein:

Aðilar í hjúskap, sambúð teljast samábirgir um skyldur er varða skatta, fjárhagslegar skuldbindingar, framtal, forræði og gagnkvæma ábyrgð og framfærslu **ÓHÁÐ BÚSETU, NEMA tilkynning um annað hafi borist frá þeim til bærra aðila..... EINGÖNGU FÆST SKATTAFRÁDRÁTTUR VEGNA BÚSETU UTAN LÖGHEIMILIS AÐ SÝNT VERÐI FRAM Á AÐ ÞAÐ HAFI VERIÐ NAUÐSYNLEGT VEGNA TEKJUÖFLUNAR. SLÍKT TILKYNNIST SKATTSTJÓRUM Í VIÐKOMANDI UMDÆMI.**

b)

2.3.2 Lög nr. 65/2006. Í skýringartexta með lagabreytingu þessari er eftirfarandi klásúla:

Með þessu varð samkynhneigðum þörum heimilt að ættleiða börn samkvæmt ættleiðingarlögum, nr. 130/1999, og lesbískum þörum heimil aðstoð við tæknifrjóvgun samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996. Full samstaða var um að samkynhneigðir væru jafnhæfir uppalendur og gagnkynhneigðir.

Þarna þarf lögjafinn að huga að því hvert yrði orðalag lagatexta ef staðgöngumæðrun yrði leyfð á Íslandi og hvort samkynhneigð þör kæmi í stað lesbísk.í textann hér að ofan..!

c) við eftirfarandi kafla vaknar þessi spurning:

X. KAFLI

Breyting á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum.)

Í eftirfarandi kafla (nema ég viti ekki að það sé upptekið í öðrum lagagreinum) finnst mér vanta rétt getins barns með gjafasæði að eiga rétt á því að vita hver biologiskur faðir er. Sami réttur ætti að gilda fyrir barn um hver er biologiskur gjafi eggs við tæknigetnað vilji barn fá þá vitneskju er aldri er náð. Rök fyrir þessu eru þau að sjúkdómar erfast eftir biologiskum erfðum en ekki hver gekk með barnið.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

Einstaklingar í óvígðri sambúð eiga rétt á að telja fram og vera skattlagðir sem hjón, sem samvistum eru, enda óski þeir þess báðir skriflega við skattyfirvöld. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem skráð er eða skrá má í þjóðskrá skv. 3. mgr. 7. gr. laga um lögheimili, enda eigi sambúðarfólk barn saman eða von á barni saman eða hafi verið samvistum í samfelld eitt ár hið skemmsta. Ríkisskattstjóra er heimilt að leita umsagnar Þjóðskrár þyki leika vafi á um að skráningarskilyrði séu uppfyllt.

Hugleiðingar: Ekki verður horft framhjá þeirri togstreitu sem löggjöf um hjúskap hefur valdið í þjóðfélaginu, einkum innan kirkjunnar.

Það er einkennilegt að trúarsöfnuðir skuli hafa vald sem skapi einstaklingum ábyrgð með lagalegt gildi. Kirkjan og aðrir trúarsöfnuðir bera hins vegar enga ábyrgð þegar til riftunar á hjúskap kemur svo þessi framkvæmd er leifar af gamalli tíð og til þess að skapa ófrið.

Tilvalið væri nú er löggjöfin er í endurskoðun að gjörbreyta þessu fyrirkomulagi.

i) Þannig yrði orðið óvígð sambúð fellt niður því öll sambúð væri skráð eins:

einstaklingar í óvígðri sambúð
gagnkynhneigð jafnt sem samkynhneigð sambúð
fengju sömu skyldur og réttindi sem hjón hafa í dag og bera sömu skyldur og gagnkvæma ábyrgð sem hjón bera í dag.

ii) **Finna þarf gott orð sem nýst gæti öllum tegundum sambúðarforma og til gaman setti ég þetta saman. Aðrir finna eitthvað betra.**

Orðið hjón yrði bara notað um sambúðarsamband gagnkynhneigðra en hjónar um sambúðarsamband tveggja karlmannna (beygist eins og þjónar) og hjónur um sambúðarsamband tveggja kvenna (beygist eins og hænur)

iii) Lagatextinn yrði í þenna veg:

Allir sem æskja að ganga í sambúð þurfa að gera það með formlegum gjörningi hjá sýslumönnum eða borgarfégetum sem þá færa gjörninginn í Þjóðskrá.

Þeir einstaklingar sem þetta gera hljóta þannig þann rétt að..

.....telja fram og vera skattlagðir..... sem sambúðaraðilar og ogsfrv.

Þarna yrði felld út ákvæðið um "barn saman eða eiga von á barni" sem ætti ekki að breyta neinu fyrir þessa aðila frekar en barnlaus hjón í dag.

iv) Þau "pör" sem þannig hafa skráð sig í sambúð geta síðan haldið sínar brúðkaupshátíðir, beint eftir undirritun hjá sýslumanni eða fógeta. Það sambúðarfólk sem vill láta...;

VÍGJA sambúðina velur sér síðan það trúfélag sem það vill láta blessa samband sitt hvort heldur það er þjóðkirkjan, kaþólska kirkjan, Ásatrúarsöfnuðurinn eða önnur trúfélög. Þau gangast þá undir þá trúarlegu skyldu sem viðkomandi söfnuður leggur þeim á herðar og hljóta þá blessun sem því fylgir.

Þetta ætti að losa trúfélög frá þeirri deilu að geta ekki blessað sambúðarfólk vegna mismunandi kynferðis. Þannig er hér hoggið á hnútinn sem er að splundra þjóðkirkjunni.

Að lokum ætti að setja inn nýja lagagrein á viðeigandi stað, þar sem segir: að aðilar sem skrá sig í sambúð verði jafnframt að gera með sér kaupmála þar sem kveðið er á um séreignir við upphaf búskapar, sem og eignaskiptingu ef til sambúðarslita kemur.

Þó þetta séu hugleiðingar fylgir þeim alvara og er þetta heiðarleg tilraun til að færa til betri vegar úrelta löggjöf sem skapar meiri óvissu en henni er ætlað að leysa.

Gert í eigin nafni en ekki í nafni þess félags sem ég er formaður í en svar frá því er í vinnslu: Unnið á lánstölvu.

Arnar Hauksson dr med
formaður félags íslenskra fæðinga og kvensjúkdómalækna (FÍFK)
kliniskur dósent
í stjórn Norræna kvensjúkdómalækna.
Virkur meðlimur í þjóðkirkjunni.